

- 15 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð O. C. Thorarensen, 1. febr. lyfsala, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. febrúar 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð O. C. Thorarensen, lyfsala.

### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður O. C. Thorarensen lyfsala.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sonum hans, fyrst og fremst af fé, er hann sjálfur hafði lagt til hliðar í þessu augnamiði, og er stofnfé sjóðsins, kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, en gert er ráð fyrir að hann megi aukast með gjöfum eða tilögum auk þess sem þessi skipulagsskrá ákveður um aukningu hans.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- að styrkja fátæka námsmenn, er stunda lyfjafræði,
- að styrkja þurfandi lyfsala og lyffræðinga, ekkjur þeirra og ómyndug börn,
- að styrkja vísindalegar rannsóknir í lyfjafræði, framkvæmdar af íslenskum ríkisborgurum með lyffræðisprófi.

### 4. gr.

Sjóðurinn stendur óhreyfður á vöxtum þar til hann er orðinn kr. 10000 — tíu þúsund krónur —. Eftir það má árlega veita úr sjóðnum  $\frac{2}{3}$  hlutum vaxtanna, er skiptist þannig:

Helmingur af úthlutuðum vöxtum ( $\frac{1}{3}$  hluti ársvaxtanna) gangi til styrktar fátæks námsmanns (eða námsmanna) er stundar lyfjafræði, ef stjórn sjóðsins að öðru leyti telur hann verðan styrks.

Helmingurinn (hinn  $\frac{1}{3}$  hlutinn) gangi til styrktar þurfandi lyfsölum eða lyfja-sveinum, ekkjum þeirra eða ómyndugum börnum þeirra, eftir ákvörðun sjóðstjórn-arinnar.

Falli niður úthlutun samkvæmt ofanrituðu eitthvert ár, leggst upphæðin við höfuðstól sjóðsins.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund krónur — gengur  $\frac{1}{6}$  hluti vaxtanna árlega til styrktar vísindalegum rannsóknum í lyfjafræði, framkvæmdum af íslenskum ríkisborgurum með lyffræðisprófi, en  $\frac{1}{6}$  leggst jafnan við höfuðstólinn.

Höfuðstóll sjóðsins skal jafnan ávaxtast í verðbréfum, er ríkissjóður Íslands gefur út eða ábyrgist og séu bréfin skráð á nafn sjóðsins.

Þegar úthlutað er vöxtum, er átt við þá nettó upphæð, er fram kemur eftir að nauðsynlegur rekstrarkostnaður sjóðsins hefir verið dreginn frá.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn:

- 1) Skrifstofustjóri í því ráðuneyti er á hverjum tíma hefir eftirlit með slíkum styrktarsjóðum.

- 2) Meðan nokkur af afkomendum O. C. Thorarensen lyfsala í beinan karllegg er á lífi, og hefir leyst af hendi lyffræðispróf, er hann sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, og ræður aldur ef um fleiri er að ræða. Sé enginn slíkur afkomandi til, kýs félagsskapur starfandi lyfsala á þeim tíma mann í stjórnina. 1. febr. 15
- 3) Verði stofnuð hér á landi kennsludeild fyrir lyffræðinga, er forstöðumaður þeirrar deildar sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, eða annar maður er hann tilnefnir. Þangað til tilnefna ofangreindir tveir stjórnendur þriðja mann í sjóðstjórnina.

## 6. gr.

Sjóðstjórninni ber að auglýsa eftir umsækjendum um styrki úr sjóðnum árlega í blaði því er flytur opinberar auglýsingar, og reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í sama blaði.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 28. desember 1937.

Stefán Thorarensen,  
lyfsali í Reykjavík.

F. h. Odds C. Thorarensen lyfsala á Akureyri,  
Stefán Thorarensen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjölf Hannesar Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. febr. 1938. 2. febr. 16

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjölf Hannesar Þorsteinssonar.

## 1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með dánargjöf dr. phil. Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar, samkvæmt arfleiðsluskrá hans dagsettri 11. júlí 1931, nefnist Gjölf Hannesar Þorsteinssonar.

## 2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og stendur undir stjórn háskólaráðsins, er skal varðveita eignir hans og sjá um, að þær séu gerðar arðbærar. Peningaeygn sjóðsins skal geymd í Landsbanka Íslands eða varið til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans, jarðræktarbréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum álíka tryggum verðbréfum. Svo má og, ef það þykir henta, kaupa fyrir fé sjóðsins fasteignir, er tryggt þykir að eiga og öruggt að gefi arð. Handrit þau, sem nú eru eign sjóðsins, skal háskólaráðið reyna að selja, en þó er því óheimilt að selja þau til útlanda.

## 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan árlega leggja við hann a. m. k.  $\frac{1}{10}$  af arði þeim, sem sjóðurinn hefir haft af eignum sínum það ár. Gróði, sem sjóðurinn hlýtur við kaup eða sölu á verðbréfum eða öðrum eignum, skal allur lagður við höfuðstólinn.